

Reglur um viðurkenningar á vegum Íþróttafélagsins Þórs.

Þannig samþykkt á fundi aðalstjórnar félagsins 2. apríl 2019



Orðunefnd

Innan Íþróttafélagsins Þórs starfar orðunefnd sem tilnefnd er af aðalstjórn félagsins.

Í orðunefnd skulu sitja 5 einstaklingar sem aðalstjórn skipar til tveggja ára í senn og hafa þeir möguleika á að gefa kost á sér áfram eftir þann tíma. Orðunefnd kys sér formann úr sínum röðum sem sjá skal um að boða nefndina til funda og vera talsmaður hennar gagnvart aðalstjórn. Í orðunefnd skal sitja einn úr aðalstjórn. Leitast skal við að ekki gangi fleiri en þrír úr orðunefnd hverju sinni.

Leitast skal við að skipa í orðunefnd a.m.k. að hluta til einstaklinga sem lengi hafa starfað innan félagsins og þekkja sögu þess vel.

Orðunefnd hefur það hlutverk að koma með tillögur til aðalstjórnar um veitingu gull-, silfur- og bronsmerkja, svo og tillögur um heiðursfélaga og heiðursformann Íþróttafélagsins Þórs.

Veiting viðurkenninga

Meginregla er að viðurkenningar á vegum félagsins séu afhentar á afmælisdegi Þórs, sem er 6. júní, og/eða á viðburðinum Við áramót. Stjórn er þó heimilt að breyta út af þessu ef sérstök ástæða er talin til.

Heiðursfélagar / heiðursformenn

4. gr. laga Íþróttafélagsins Þórs fjallar um heiðursfélaga og heiðursformenn.

Reglur um heiðursfélaga

1. Heiðursfélagi skal hafa náð 60 ára aldri, nema stjórn félagsins geri sérstaka undanþágu.
2. Heiðursfélagi skal hafa starfað fyrir félagið til áratuga.
3. Heiðursfélagar, ásamt maka, fá frítt á alla íþróttaviðburði sem félagið stendur fyrir.
4. Á þeim samkomum sem félagið efnir til og heiðursfélagar eru til staðar, skulu þeir, ásamt mökum, boðnir sérstaklega velkomnir.

5. Heiðursfélaga skal afhent innrammað skautritað skjal til staðfestingar heiðursfélaganafnbót. Þá skal heiðursfélagi fá afhent kort sem veitir honum, ásamt maka, ókeypis aðgang að íþróttaviðburðum á vegum félagsins. Innan tveggja vikna frá tilnefningu heiðursfélaga skal aðalstjórn setja upp mynd af honum í Hamri

Reglur um gullmerki

1. Íþróttafélagið Þór veitir gullmerki fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Störf fyrir félagið skulu hafa varað í a.m.k. 15 ár og handhafi merkis ekki yngri en 40 ára.
Gullmerki er gullhúðuð nál með merki félagsins á enda.
2. Orðunefnd gerir tillögu til aðalstjórnar um veitingu gullmerkja.
3. Gullmerki getur aðeins sá fengið sem áður hefur hlotið silfurmerki félagsins. Aðalstjórn getur þó veitt undanþágu frá þessari reglu við sérstakar aðstæður.
4. Aðalstjórn félagsins veitir merkið og ræður einfaldur meirihluti ákvörðun stjórnar.
5. Handhafi gullmerkis þarf ekki að vera félagsbundinn í Þór.
6. Gullmerki Þórs er eign félagsins og þó það hafi verið afhent má handhafi þess ekki framselja það til þriðja aðila.
7. Gullmerki skal afhent við athöfn á vegum Íþróttafélagsins Þórs.

Reglur um silfurmerki

1. Íþróttafélagið Þór veitir silfurmerki fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Silfurmerki getur verið veitt fyrir félagsstörf, íþróttaiðkun, ástundun og þjálfun innan félagsins. Merkið er einnig veitt fyrir þátttöku í A-landsleikjum fyrir Íslands hönd og fyrir ástundun til lengri tíma samkvæmt viðmiðum sem deildir félagsins setja. Störf fyrir félagið skulu hafa varað í a.m.k. 10 ár.
Silfurmerki er silfurhúðuð nál með merki félagsins á enda.
2. Orðunefnd gerir tillögu til aðalstjórnar um veitingu silfurmerkja.
3. Silfurmerki getur aðeins sá fengið sem áður hefur hlotið bronsmerki félagsins. Aðalstjórn getur þó veitt undanþágu frá þessari reglu við sérstakar aðstæður.
4. Aðalstjórn félagsins veitir merkið og ræður einfaldur meirihluti ákvörðun stjórnar.
5. Handhafi silfurmerkis þarf ekki að vera félagsbundinn í Þór.

6. Silfurmerki Þórs er eign félagsins og þó það hafi verið afhent má handhafi þess ekki framselja það til þriðja aðila.
7. Silfurmerki skal afhent við athöfn á vegum Íþróttafélagsins Þórs.

Reglur um bronsmerki

1. Íþróttafélagið Þór veitir bronsmerki fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Bronsmerki getur verið veitt fyrir félagsstörf, íþróttaiðkun, ástundun og þjálfun innan félagsins. Merkið er einnig veitt fyrir þátttöku í A-landsleikjum fyrir Íslands hönd og fyrir ástundun til lengri tíma samkvæmt viðmiðum sem deildir félagsins setja. Bronsmerki er bronshúðuð nál með merki félagsins á enda.
2. Orðunefnd gerir tillögu til aðalstjórnar um veitingu bronsmerkja.
3. Aðalstjórn félagsins veitir merkið og ræður einfaldur meirihluti ákvörðun stjórnar.
4. Handhafi bronsmerkis þarf ekki að vera félagsbundinn í Þór.
5. Bronsmerki Þórs er eign félagsins og þó það hafi verið afhent má handhafi þess ekki framselja það til þriðja aðila.
6. Bronsmerki skal afhent við athöfn á vegum Íþróttafélagsins Þórs.